

Forfatter: Markússon, Magnús

Titel: BREV TIL: Magnússon, Arní FRA: Markússon, Magnús (1729-09-22)

Citation: Markússon, Magnús: "BREV TIL: Magnússon, Arní FRA: Markússon, Magnús (1729-09-22)", i *Arne Magnussons private brevveksling*, Gyldendalske Boghandel Nordisk, s. 316. Onlineudgave fra Danmarks Breve: <https://tekster.kb.dk/text/letters-001991699-000-shoot-L0019916990000408.pdf> (tilgået 27. april 2024)

Anvendt udgave: Arne Magnussons private brevveksling

Ophavsret: Materialet er fri af ophavsret. Du kan kopiere, ændre, distribuere eller fremføre værket, også til kommercielle formål, uden at bede om tilladelse. Husk altid at kreditere ophavsmanden.

[Læs Public Domain-erklæringen](#)

*SOGNEPRÆST MAGNÚS MARKÚSSON TIL ARNE MAGNUSSON. Grenjadarstad þann 22an Septembr. 1729.*

Trykt efter ikke egh. orig. i AM. Access. 1. M. M.s svære sygdom er nu i aftagende; beklager Københavns brand. Beskriver Myvatns-udbruddene. Berører et pengemellemværende og den ham tilhørende, under branden frelste »baugatals«-bog. Ønsker at den hos A. M. værende Jón Ólafsson kunde blive anvendt ved skolen på Island, hvis han ligner sin fader. Ønsker selv at dimittere sine sønner til universitetet.

VelEdla og Halærde Hr. Assessor,

Hattvirdandi ehruryke vin og velunnare.

Þegar eg í fyrra haust skrifade yður þann 28. Septembr., var eg í þeim þanka, að hverke munde eg lifa til að skrifa yður oftár, og ecke að sia yðar bref, því eg var þá nær dauda enn lyfe, so sem brefed nockurn veigenn með sier þar, og við slyka koste þio eg samfleitt, inn til þess þrettanda dags iola í vetur, er eg aldeileið lagdest í myna kör, og hieilt við hana fullar 5 vikur. Að eg nu ecke tale umm allann þann tuma þar effter, sem eg var (effter malshætte) í hraukumm, framm a sumar, sydann er það betur og betur, og umm nockra stund hefe eg ankanna-minne heilsu haftt, enn adur sa siukdomur tok mig; Gude sieu eylyfar þacker, sem deider og lyka lyfgar! fyrer hvers miskunseme það er skied, að eg life enn nu, og hefe seinast í næstlidnumm Augusto sied og lesed yðar að veniu vinsamlegt tilskrif, enn superi boni! með hvorsu olykum hætte við hina firre tymana? Jeg hefe alltíafnt matt glediast af yðar brefum, að vita það yður vel geinge, nu ma eg af nefndu yðar brefe s. 317skilia nocknd annad, og læra, umm syder, þar af, hvorsu að allt er under solunne vallt og ostodugt; þó er þar hia það Gudi þackande, að hann vardveitte yðar, og annara godra manna lyf í þeim andfælum, er geinged hafa yfer þann nafnfræga Hafnarstad, a meðann það fáheirða ofryki elldsens geisade, og er það að vysu skied ecke an gudlegs vysdóms rádz; því so lætur hann þeckia sinn völduga almátt og riettlæte, under eins og syna godgyrnd og miskunseme, lyka hia oss hier í lande, af þeim skiæda jardar elldi sem full 5 ár hefur vered að brenna, nærre Myvatne, enn í vor fieck so sterka yferhond, að hann rann, og hefur sydann runned, lyka sem vatnsflood, framm ur því fialle Leyrhniuk (so sem menn underrietta) ofan í Myvatns sveit og þar afbrendt þessar jarder Grymstade, Fagranes, Gröf, Reikiahlyd, enn kyrkiann þar stod fyrer viku, lyka sem eirn holme innani elldenumm obrend. Þesse eldur (potius elldflod eða lækur) fiell ofan í sialft Myvatn og uppurkade það að nordanverdu ecke alleinasta, helldur ummturnade því so, að þar hliop upp so hatt hraun sem hier eru hædstu hus, og það hraun er nu þar í vatnenu sem adur var veidestadur. Þesse ogangur elldsens er enn nu að æða í vatnenu daglega dags, og færest sudur effter því meir og meir, so að bigdenn a þadar syður synest að vera stodd í stædsta fáre, og komest sa elldur í Laxá, sem rennur ur Myvatne gegnumm Laxardal og Adaldal ut til síóar, er fyrer mannlegum dórne ecke annad vissara, enn að þessar sveiter eydeleggst, nema gud setie honum eitt takmark. Þó synest, sem þessum bæ sem jeg er, að sie hættast, ef elldurenn kiemst so lángt, því allt hans heiskapar land liggur með Laxá, og annara kyrkiujardanna, enn sialfur bærenn stendur a laglende. Þetta geingur so sem Gud hefur asett, annars verdur mier óhægt umm, ef eg skillde purfa til flotta að taka fra þessum bæ, sierdeileið þar eg sie ecke hvar eg skillde athvarf fá fyrer mig og rayna, enn gud sier fyrer. Sr. Jon sem þio í Reykiahlyd, flyde undann elldenumm til Skutustada a midiu sumre, og allt folk af hinum jordunum er eg nefnde, tvystradest hingad og pángad, so eingenn vard mannskadenn, ecke helldur fiemissa nema a húsunum, þaug brunnu til kalldra kola. Einga utrietting gieta eg a þessu hauste haftt umm bref sr. Jons a Kinnastodum so að þaug skipunum náe, þar með tel eg ovyst, hvort eg fæ þaug afftur hia honum. Runolfur broder hans hefur leiged í kor sydann í firra haust, merkelega veikur, gieta menn til að hafa mune eina ending. Peningarner sem þier skrifudud mier umm í firra, 3 rixdlr. 1 &, kannast eg við að s. 318eiga að vera so marger sem þier seiged, og þeir munu nu í vetur yður betalast í Kaupenhavn af kaupmannenum Monsr. Hans Munch, hvorium eg hefe þar umm skrifad, því eg þikest vita að þier munud helldur vilia eiga við hann enn hina, hvad eg hefe lært af yðar eigenn brefum, enn sialfur jeg hefe hia þeim manne digd funded. Þier minnest enn a baugatals bokena að hun sie ur elldenumm salverud, ecke var hun mikels verd hia ollu því odru, sem hann foreydde, og ecke helldur vil eg giora neitt omen ur því að hun conserveradest. Skilningur orða þeirra er eg í hittedfirra skrifade yður og vídviku Jone Ólafssyne, sem hia yður þa var, og eg meina enn nu er, var þesse, að ef hann være sinnadur til að koma hingad afftur, þa vilde eg hafa sokt umm það, að hann giæte kornest til að þiona scholanum hier, so sem eirn moderator. Tok eg þann vilia minn af þeirre þechingu a hans sal. födur umm margt gott atgiorfe, sem honum var af gudi lanad, og þier þecktud betur enn eg. Ef hann hefde af honum nockud þess slags, þa munde hann að vysu kunna ungdomenumm gagnlegur að verda, því líklegt være (þeinkte eg þá), að þeir, sem nu eru við scholan, mundu vilia þar fra til annars promovrast hid firsta; nu eru þeir enn við, og líklegt að rector's plaß verde ecke so fliolt lidugt. Jeg sagde og so í því brefe, ef mig minner riett, að þeir, sem umm born hafa að huxa, villdu giarnann, að góder informatores væru yfer scholana setter. Jeg á að vita hiedanaf, hvad það gillder. Syner myner bader hafa hingad til vered under domestica informatione, gieta báder sæmelega lært, jeg hefe falad fyrer þa schola a tilkomande vetre, og ecke feinged afarkostalaust, því mun eg þar við hætta í trauste drottens, og hefe feinged alltannad í sinne með bá, nefnelega að þeir fra þessare domestica informatione verde dimitterader til Academyesens með tymanum, og bid eg yður nu að seigia mier, hvort yður synest þetta mitt forslag meigi ecke frammgánga. Ef eg matte dimittera til Academyesens myn scholaborn, þegar eg var scholans rector og mier var ætlad að hafa vit a því, hvar til þaug dugdu, því má eg nu ecke dimittera myn eigenn, þó ecke hafe eg vered með þaug í Skalhollts skola? Framar vil eg giarnann af yður informerast, hvert nu være ráðlegt effter þennann áfallenn elldskada í Kaupenhavn að senda born syn til Academiesins innann árs eða tveggja, mier koma því fyrer

Markússon, Magnús, *Arne Magnussons private brevveksling*,

nochur obstacula ad sonnu, þegar eg umm það þeinke, enn efast umm ad eg riett diluere þaug, því vil eg i þessu efne, so vel sem hinu, giarnann heira ydart saintiment. Þetta bref er áformad ad fare med Akur eyrar skipe, því þo s. 319Husav. skip sie snart seglferdugt, vil eg helldur med hinu senda. Og so sem eg minnest nu ecke annat sem skrifa skal, enda eg med innelegre osk allra farsællda ydur til handa og ollumm þeim þier vel vilied og skilldugu þacklæte alls godz.